

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 11.6.2024
UST202401-281/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Eftirlit vegna lokunar - þann 23.05.2024 - Olíudreifing ehf., Siglufirði ID 124

Þann 23. maí sl. fór fram eftirlit vegna lokunar í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Siglufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir áætlun um frágang birgðastöðvar við niðurrif. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Þrjú frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Minnt var á skil á áætlun um hreinsun jarðvegs við síðasta eftirlit árið 2021, skv. VL 4.2.6.4, sú áætlun hefur enn ekki borist eftirlitsaðila, einungis EB 4.2.6.2 sem er gátlisti v. hreinsunar birgðastöðvar við rekstrarstöðvun. Áætlun vegna hreinsunar jarðvegs vantar.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Ábending var sett fram í síðasta eftirliti, árið 2021 er varðar hreinsun á olíuskilju. Olíuskiljan var hreinsuð þegar stöðinni var lokað en fylgjast þarf með skiljunni reglulega þar sem hún stendur óvarin og aðgengileg öllum. Hreinsun skilju hefur ekki farið fram og reglulegt eftirlit er ekki haft með skilju.
3. Gr. 4.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu en girðingar lágu niðri og rusl var á lóðinni og þarf rekstraraðili að huga að tiltekt þar á.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. júlí 2024.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson